

Álitaefni um stöðuleyfi -

Hvar má gámurinn vera?

Opinn fundur Samtaka iðnaðarins

15. maí 2018

Dagskrá fundarins

- Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur SI
 - *Stöðuleyfi fyrir gáma á atvinnulóðum – Ferill málsins*
- Ingibjörg Halldórsdóttir, lögmaður hjá Land lögmenn
 - *Ákvæði byggingarreglugerðar um stöðuleyfi*
- Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga
 - *Nokkur álitaeefni varðandi kröfur sem sveitarfélög gera til gáma á atvinnulóðum*
- Umræður og fyrirspurnir

Stöðuleyfi fyrir gáma á atvinnulóðum

Ferill málsins

Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur SI

Starfsumhverfi fyrirtækja

- Fyrirtæki vænta þess að allir aðilar starfi eftir sömu leikreglum enda er það ein forsenda heilbrigðis markaðar og frjálsrar samkeppni
- Óþarflega íþyngjandi reglur skapa óþarfa kostnað hjá fyrirtækjum og stofnunum sem dregur úr samkeppnishæfni fyrirtækja.
- Mikilvægt að gætt sé meðalhófs og jafnræðis við setningu reglna og framfylgd þeirra

Stöðuleyfi –

Grein 2.6.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012

- Krafa um leyfisveitingu:

- Sækja skal um stöðuleyfi til leyfisveitanda til að láta m.a. gám standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjármuna.

- Öryggiskröfur

- Gæta þarf að staðsetja lausafjármuni þannig að almenningi stafi ekki hættu af og ekki sé hættu á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús. Ennfremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torveldað. Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að ekki skapist hættu vegna lausafjármuna og er leyfisveitanda heimilt að krefja eiganda um gögn og rökstuðning þar að lútandi.

- Hreinlætiskröfur

- Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að hreinlætisaðstaða í og við lausafjármuni sem falla undir þessa grein uppfylli ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði laga um fráveitur og laga, reglugerða og reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eftir því sem við á hverju sinni.
- Stöðuleyfi skulu mest veitt til 12 mánaða nema ákvæði skipulags mæli fyrir um annað.



Hvar má gámurinn vera?



Hafnarfjarðarbær – stöðuleyfi

- **Janúar 2016** - Hafnarfjarðarbær samþykkir nýjar reglur um stöðuleyfi
- **21. mars og 6. apríl 2016** - Tilkynningar Hafnarfjarðarbæjar til fyrirtækja innan bæjarins um væntanlega innheimtu stöðuleyfisgjalda
 - Gjaldið til 1 árs / 1. maí 2016 – 31. apríl 2017 / Tvöföld gjaldskrá (20 ft og 40 ft.) / 10% afsláttur ef sótt er um fyrir 15. maí 2016
 - „Fullt gjald verður innheimt af öllum leyfisskyldum gámum eftir 15. maí 2016.“
 - Á við um alla lóðarhafa, líka iðnaðarlóða, nema lóðarhafar sem eru með skilgreint gámasvæði samkvæmt skipulagi
- **25. apríl 2016** – SI óskar eftir rökstuðning
 - **27. apríl 2016** – Rökstuðningur barst frá byggingarfulltrúa
- **3. maí 2016** – SI óskar eftir túlkun Mannvirkjastofnunar á ákvæðum byggingarreglugerðar um stöðuleyfi.
- **4. maí 2016** - Fundur SI með bygg.fulltrúa og skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar
- **10. maí 2016** – Hafnarfjörður tilkynnir að sama gjald sé fyrir allar stærðir af gámum
- **23. maí 2016** – SI fer fram á frekari rökstuðning vegna gjaldskrár

Aðal athugasemdir SI við framkvæmd

- Rangt staðið að innleiðingu stöðuleyfa á gámum
 - Útgáfa stöðuleyfis ekki undanfari innheimtu stöðuleyfisgjalda
- Teljum túlkun bæjaryfirvalda á reglum um stöðuleyfi vera ranga og ganga of langt
 - „svæði sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjármuna“
 - Iðnaðarlóðir með skipulögðu gámasvæði ættu að falla þar undir
- Gjaldskrá ólögmæt
 - Uppfyllti ekki skilyrði laga um innheimtu þjónustugjalds
 - Gjaldið átti skv. skýringum mest megnis að standa undir kostnaði starfsmanna við að fara og telja gáma á hverri lóð
- **18. október 2016** - SI krefst endurskoðunar á verklagi Hafnarfjarðarbæjar við útgáfu stöðuleyfa og innheimtu stöðuleyfisgjalda

Kannað verklag í öðrum sveitarfélögum

- 21. október 2016 – SI sendi erindi á nokkur sveitarfélög

Sveitarfélag	Gjaldtaka
Reykjavíkurborg	Nei
Kópavogsbær	Nei
Garðabær	13.128 kr. (13.978)
Mosfellsbær	37.620 kr. (38.749) (20 ft. Gámur); 64.790 kr. (66.631) (40 ft gámur)
Akureyri	30.000 kr. (20 ft gámur); 50.000 kr. (40 ft. Gámur); 20.000 kr. (gámar á skipulögðum gámasvæðum innan lóða)
Fljótshálsa	15.374 kr. (minni en 20 ft. Gámar); 32.374 kr. (20 ft. Gámar); 49.102 kr. (40 ft. Gámar) Núna eitt gjald – 32.735 kr.
Ísafjarðarbær	39.750 kr. (40.017 kr.)
Akraneskaupstaður	29.280 kr. (20 ft gámur); 43.378 kr. (40 ft. Gámur)
Fjarðabyggð	1.845 kr/m ² (1.950 kr/m ²)
Reykjanesbær	16.688 kr.
Árborg	14.867 kr. (16.447)

Hafnarfjarðarbær frh.

- **Febrúar 2017** – Hafnarfjarðarbær tilkynnir álagningu dagsekta
- **17. febrúar 2017** – Ítrekuð afstaða SI um annmarka á framkvæmdinni
- **22. febrúar 2017** – SI fundar með Mannvirkjastofnun um stöðuna
- **19. júní 2017** – SI ræðir við umhverfisstofnun um málið
- **30. júní 2017** – Enn á ný ítrekuð afstaða SI á framkvæmd Hafnarfjarðarbæjar
- **16. nóvember 2017** – SI sendir jákvæða umsögn um drögin að leiðbeiningum MVS um útgáfu stöðuleyfa
- **29. nóvember 2017** – Leiðbeiningar MVS um umsókn um stöðuleyfi gefnar út

Starfsumhverfi fyrirtækja

- Fyrirtæki vænta þess að allir aðilar starfi eftir **sömu leikreglum** enda er það ein forsenda heilbrigðis markaðar og frjálsrar samkeppni
- Óþarflega íþyngjandi reglur skapa **óþarfa kostnað** hjá fyrirtækjum og stofnunum sem dregur úr samkeppnishæfni fyrirtækja.
- Mikilvægt að gætt sé **meðalhófs og jafnræðis** við setningu reglna og framfylgd þeirra

